



Fundur FFM haldinn 1. nóvember 2017 kl.18.30 í Myllubakkaskóla

Mættir eru: Hjörleifur Hannesson formaður, Karólína Óskarsdóttir, Jurgita Milierene, Skúli Freyr Brynjólfsson, Aníta Arnarsdóttir, Ísak Þór Ragnarsson og Gunnhildur Þórðardóttir sem ritar fundinn.

Dagskrá

Fundur settur kl. 18.35

1.Fundur bekkjartengla FFGÍR. Rætt var um fund bekkjartengla í Reykjanesbæ en miðvikudag 8.nóvember verður fundur á vegum FFGÍR í Akademiunni fyrir alla bekkjartengla í Reykjanesbæ. Fundurinn verður frá klukkan 17:30 -19:00. Á þessum fundi verður farið yfir starf FFGÍR í vetur en jafnframt verður boðið upp á áhugaverðan fyrirlestur sem kemur frá FFM. Þar mun formaður foreldrafélags Breiðholtsskóla koma og ræða við foreldrafélögin og bekkjartengla um hvernig þeim hefur tekist til við að virkja foreldra inn í skólastarfið í Breiðholtiinu. Ástæðan fyrir því að við leitum til þeirra er að Breiðholtsskóli er fjölmenningskóli líkt og Myllan og hefur þeim tekist vel til að virkja alla foreldra inn í öflugt skólastarf og langar okkur að læra af þeim. Einnig var rætt um fræðslufyrirlestur sem FFGÍR stendur fyrir þann 28. nóvember nk þar sem Þorgrímur Þránínsson mun halda fyrir foreldra barna í Reykjanesbæ FFGÍR þar sem hann kynnis fyrirlestra fyrir 10. bekk Verum ástfangin af lífinu og fyrir miðstigið Vertu hetjan í þínu lífi. Í báðum fyrirlestrunum hvetur Þorgrímur nemendur til að bera ábyrgð á sjálfum sér, hjálpa öðrum og vanda sig í öllu sem þeir taka sér fyrir hendur.

2.Starfið í vetur. Rætt var um aðra viðburði framundan í vetur og þeim skipt á milli stjórnarmeðlima og aðrir í stjórn taki að sér hlutverk að upplýsa bekkjartengla og halda þeim við efnið. Rætt um að sleppa jólaföndri líkt og árinu áður. Þorrblótið verður á sínum stað með skemmtilegri fræðslu, mat og fjöri munu Hjörleifur, Gunnhildur og Jurgita sjá um það. Íþróttadagur Myllu verður í umsjón Gunnhildar, Ísaks og Anitu. Katrín og Karólína munu halda utan um bekkjartengla. Rætt um að hafa tívolítæki á íþróttadeginum. Rætt um að virkja 10 bekkinn og halda samstarfi við þau og foreldra. Einnig að hafa spila – og kaffihúsakvöld þar sem 10. bekkur gæti boðið upp á veitingar. Rætt um 40 ára afmælishátíð Myllubakkaskóla, finna fyrsta formann foreldrafélagsins, tala við gamla nemendur og fara í fjáröflun t.d. fyrir nýju leiktæki. Rætt um beiðni eins foreldris í skólanum sem vill kaupa klifurgrind fyrir skólann og finna leiðir til að styrkja það.

3. Önnur mál. Rætt var um vandamál varðandi útvistartímann, sum börn úti til miðnættis. Rætt um netið og símann og skólapúlsinn. Rætt um að foreldrar samhæfi útvistartíma og

einnig skjátíma. Martækur munur á líðan stúlkna í Myllu og á landinu þar sem stúlkum í Myllu virðist líða verr en öðrum stúlkum en það virðist haldast í hendur síminn og sjálfsmýnd. Rætt um að stofna Hollvinasamtök Myllubakkaskóla sem kæmu að afmælishátíðinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20